

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Deiliskipulag fyrir heimaland Kjarrs, Ölfusi.*

Deiliskipulagið nær til heimalands Kjarrs í Ölfusi sem auglýst var skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2010-2022. Skipulagssvæðið afmarkast af 12,48 ha heimalandi gróðrarstöðvarinnar. Deiliskipulagstillagan felur í sér skilgreiningu á fimm byggingarreitum, tveimur fyrir landbúnað og þremur fyrir íbúðarhús.

- |    |  |                      |
|----|--|----------------------|
| a) | Byggingarreitur fyrir reiðhöll/landbúnað             | 1.000 m <sup>2</sup> |
| b) | Byggingarreitur fyrir gróðurhús/landbúnað            | 1.000 m <sup>2</sup> |
| c) | Byggingarreitur fyrir stækkun á núverandi íbúðarhúsi | 60 m <sup>2</sup>    |
| d) | Byggingarreitur fyrir nýtt íbúðarhús                 | 300 m <sup>2</sup>   |
| e) | Byggingarreitur fyrir nýtt íbúðarhús                 | 300 m <sup>2</sup>   |

Nýtingarhlutfall á skipulagssvæði verður 0,03.

Skipulagsuppdrátturinn hefur verið lagaður að athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 31. október 2013.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 14. mars 2014.*

**Sigurður Ósmann Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.